

# Samningur

## um framlög til byggðapróunar á Norðurlandi eystra árið 2014

Samningur þessi byggir á sóknaráætlun fyrir Norðurlands eystra frá febrúar 2013, samningi um framkvæmd sóknaráætlunar Eyþings, dags. 22. mars 2013, vaxtarsamningi Eyjafjarðar 2012-2013 og vaxtarsamningi Norðausturlands 2012-2013.

### 1. Samningsaðilar

- 1.1. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kt. 710812-0120, fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, með vísan til heimilda í fjárlög fyrir árið 2014 og Eyþing – samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, kt. 561192-2199, með vísan til heimildar í 3. mgr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, í samningi þessum nefnd landshlutasamtök, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefna í sóknaráætlun landshlutans og umsjón og ábyrgð á úthlutun á framlagi ríkisins til eflingar atvinnulífs í landshlutanum, í samningi þessum nefnt vaxtarsamningsfjármunir.
- 1.2. Ráðuneytin fela stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál eftirlit og umsýslu með samningi þessum, á grundvelli samnings um sóknaráætlun Eyþings, dags. 22. mars 2013.

### 2. Samningsfjárhæðir

- 2.1. Til Eyþings renna á árinu 2014 alls kr. 59.848.000, þar af 12.348.000 í sóknaráætlunarverkefni og 47.500.000 til vaxtarsamningsverkefna, sem skiptist jafnt til vaxtarsamningsverkefna á svæðum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE) og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (AÞ), 23.750.000 til hvors félags.

### 3. Ráðstöfun fjármuna

- 3.1. Sóknaráætlunarfjármunum skal varið til verkefna sem byggja á sóknaráætlun landshlutans fyrir árið 2013.
- 3.2. Landshlutasamtökin skila tillögum til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál um ráðstöfun sóknaráætlunarfjármuna fyrir 10. júní 2014, sem stýrihópurinn staðfestir. Fjármála- og efnahagsráðuneytið er ábyrgt fyrir þessum fjármunum.
- 3.3. Vaxtarsamningsfjármunum skal varið með sambærilegum hætti og kveðið var á um í vaxtarsamningi Eyjafjarðar 2010-2013 og vaxtarsamningi Norðausturlands 2010-2013 og með hliðsjón af áherslum sóknaráætlunar landshlutans. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið er ábyrgt fyrir þessum fjármunum.
- 3.4. Heimilt er að verja allt að 10% af vaxtarsamningsfjármunum til skilgreindra verkefna sbr. 3. gr. og 4. gr. viðaukasamninga við vaxtarsamninga Eyjafjarðar og Norðausturlands um átaksverkefni, dags. 10. apríl 2013.
- 3.5. Landshlutasamtökin skipi fimm manna nefnd sem tekur við hlutverki verkefnisstjórnar vaxtarsamninga. Stjórn landshlutasamtakanna er heimilt að skipa tvær nefndir, aðra fyrir Eyjafjörð (AFE) og hina fyrir Þingeyjarsýslur (AÞ). Í hvorri nefnd skulu ekki sitja fleiri en tveir kjörnir fulltrúar úr sveitarstjórnnum og að lágmarki tveir aðilar af hvoru kyni. Að öðru leyti verði ráðstöfun vaxtarsamningsfjármuna í samræmi við vaxtarsamning Eyjafjarðar 2010-2013 og vaxtarsamning Norðausturlands 2010-2013.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page.

3.6. Óráðstöfuðu fé úr vaxtarsamningi Eyjafjarðar 2010-2013 og vaxtarsamningi Norðausturlands 2010-2013 skal ráðstafa með sama hætti og vaxtarsamningsfjármunum 2014.

#### 4. Ábyrgð landshlutasamtaka

- 4.1. Landshlutasamtökin bera ábyrgð á þeim verkefnum sem samningur þessi tekur til og að þau fullnægi kröfum um gæði og fagmennsku.
- 4.2. Landshlutasamtökin bera ábyrgð á skuldbindingum sem þau stofna til í tengslum við samning þennan.

#### 5. Greiðsla framlags

- 5.1. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og fjármála- og efnahagsráðuneytið greiða landshlutasamtökunum framlagið í þremur hlutum. Fyrsta greiðsla er 30% framlags við upphaf samnings þegar staðfesting stýrihóps liggur fyrir, önnur greiðsla fer eftir skjalfestri fjárhagslegri stöðu verkefna 1. nóvember og lokagreiðsla þegar ráðstöfun fjármuna er lokið og endurskoðað uppgjör liggur fyrir.

#### 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Uppfylli landshlutasamtökin ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum er ráðuneytunum heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og eða endurkrefja um greiðslur sem þegar hafa runnið til landshlutasamtakanna enda hafi ekki tekist að jafna ágreining á milli samningsaðila.
- 6.2. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 7. Gildistími og lok samnings


- 7.1. Samningurinn gildir til 31. desember 2014.

Reykjavík 12. maí 2014

Efjármála- og efnahagsráðherra



Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra



Formaður stjórnar Eyþings

